

Mál nr 29/2017

Ár 2018, þriðjudaginn 30. janúar, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 29/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 13. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem tíkin var orðin 7 ára gömul við þörun og hafði ekki staðist lækni skoðun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. janúar 2018 og gefinn frestur til 14. febrúar til að skila inn andmælum. Andmælabréf hafði áður borist frá kærðu sem dagsett var 10. desember. Afrit af því var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Siðanefnd telur að öll gögn er máli skipta séu fram komin og hefur ákveðið að taka málið til úrskurðar. Í bréfi siðanefndar dags 17. jan 2018 til kærðu er farið rangt með málsnúmer kærunnar en þar kemur fram að málsnúmerið er 27/2017 en á að sjálfsgöðu að vera 29/2017, þetta leiðréttist hér með.

Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði dagsettu 18. maí 2017 var tíkin A þöruð við B. Við þörunina var tíkin orðin 7 ára gömul og á meðfylgjandi heilbrigðisvottorði dýralæknis kom fram að tíkin stóðst ekki heilsufarsskoðun er hún var skoðuð 23. janúar 2017. Tíkin er af kyninu Griffon Bruxelles og er í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða svaraði því til að þegar heilsufarsskoðun fór fram hefði hún ekki fengið vottorðið í hendur, heldur hafi hún sótt það seinna og þá þegar var búið að para tíkina. Kærðu hafi brugðið við er í ljós kom að tíkin stóðst ekki heilsufarskröfur samkvæmt vottorðinu því að ekkert hefði bent til þess þegar skoðunin fór fram. Kærða tiltók einnig að tíkin hefði alltaf verið heilsuhraust og svo hafi einnig verið á meðgöngunni. Farið var með tíkina aftur í heilsufarsskoðun 18. maí 2017 sem hún stóðst og fer kærða fram á það að kæran verði felld niður.

II. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu ræktendur í ræktunarstafi sínu hafa í heiðri góða hundaræktarsiði og í grein 3.5.segir:

„Ef tík er þöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja þörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem staðfestir að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir þörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Vottorð frá dýralækni má ekki vera eldra en mánaðargamalt

við þörun. Það er ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður. Aldrei má það tík sem náð hefur 10 ára aldri.

Samkvæmt innsendu heilsufarsvottóði vegna skoðunar 23. janúar 2017 kemur fram að eiganda er ráðið frá því að það tík af heilsufarsástæðum. Kærða mat það svo við skoðunina að tíkin stæðist heilsufarskröfur án þess að fá vottorðið afhent strax og það tík. Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ grein 2.6 þá skulu öll tilskilin heilsufarsvottorð liggja fyrir við þörun. Reglan er sett með dýravernd að leiðarljósi og mikilvægt að allir ræktendur HRFÍ hafi þessa reglu að leiðarljósi.

Það er mat siðanefndar að taka beri að heilsufarskoðun sem fram fór 23. jan 2017 til grundvallar ákvörðun nefndarinnar. Heilsufarskoðun tíkarinnar sem framkvæmd var 2 mánuðum eftir got, sem tíkin til allra heilla stóðst, breytir ekki brotinu. Siðanefnd getur því ekki fallist á beiðni kærðu um að fella málið niður.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við reglur félagsins

III. Niðurstaða.

Kærða; Y telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir